

Skýrsla um skólahald 2007-2008 – Þjósárskóli

Skólaárið var hið fyrsta þar sem öllum nemendum var kennt í Árnesi. Bókasafn var flutt úr skólanum og þar gerð listgreinastofa. Eldri listgreinastofu var breytt í umsjónarstofu fyrir yngstu nemendur 1.-2. bekk. Hluti bókasafns var fluttur upp á efri hæð í sérkennslurými en annað í Brautarholt þar sem bókasafn hreppsins verður í framtíðinni. Aðstaða kennara var endurskipulögð til að allir hefðu sitt rými til vinnu.

Nemendur voru 58 og var kennt í fjórum kennsluhópum. Samkenndsla var alltaf í tveimur árgöngum nema í 7. bekk sem var út af fyrir sig. Einn tíma á viku var 3., 4. og 5. bekkur saman í íþróttum og þá 6.-7. bekkur saman í íþróttum. Það var of fjölmennt í salinn í Árnesi þegar 23 nemendur voru saman í leik. Einnig þótti hreyfiþroskabilið of stórt fyrir samkenndslu þriggja árganga í íþróttum.

Starfsfólk

Skólastjóri var Ingibjörg María Guðmundsdóttir.

Kennarar voru:

Árdís Jónsdóttir – umsjón með 3.-4. bekk, kenndi einnig samfélagsfræði í 5.-6. bekk, heimilisfræði í 5. bekk, náttúrufræði, heimilisfræði og samfélagsfræði í 1.-2. bekk og kristinfræði hluta skólaársins í 7. bekk.

Bente Hansen – íþróttir og sund í öllum árgöngum, ásamt kristinfræði og ensku í 3.-4. bekk.

Bolette Höeg Koch – umsjón með 7. bekk, kenndi náttúrufræði í 5.-7. bekk, stærðfræði, dönsku og lífsleikni í 7. bekk. Tók ART-þjálfun frá áramótum.

Eygló Jósephsdóttir – kenndi myndmennt, smíðar, textíl og tölvur í öllum árgöngum.

Hafðís Hafsteinsdóttir – umsjón með 5.-6. bekk, kenndi ensku í 5.-7. bekk, íslensku, stærðfræði, lífsleikni, samfélagsfræði í 5.-6. bekk, en ensku, samfélagsfræði og kristinfræði hluta ársins í 7. bekk. Tók ART-þjálfun frá áramótum.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir – kenndi tónmennt í öllum árgöngum og íslensku í 7. bekk.

Jenný Jóhannsdóttir – umsjón með 1.-2. bekk, kenndi þeim íslensku, stærðfræði, kristinfræði og sá um samstarf við leikskóla.

Starfsmenn voru:

Bryndís Baldursdóttir – hafði umsjón með skólavistun eftir skóla fjóra daga vikunnar. Vistun var í boði til kl. 17 mánudaga til fimmtudaga. Bryndís var stuðningur inn í bekkjum eftir aðstæðum og sinnti gæslu í sturtuklefum í íþróttatímum auk gæslu í frímínútum.

Hrafnhildur Ágústsdóttir – ræsti allan skólann og sinnti gæslu í frímínútum.

Lilja Loftsdóttir – matráður í morgunmat og stuðningur inn í bekkjum eftir aðstæðum. Sinnti einnig móttöku og brottför nemena í bíla og gæslu í frímínútum.

Starfsmannahópurinn náði vel saman og var almennt lítið um forföll starfsmanna. Kom slíkt til var auðvelt að finna afleysingu innan hópsins. Allir starfsmenn voru fastráðnir.

Skólabílar

Skólabílstjórar voru sex og skiptust til helminga eftir svæðum, þrír á Skeiðum og þrír í Gnúpverjahluta. Boðið var upp á akstur heim úr skólavistun og sá Bjarni um það. Hann sá einnig um skólaakstur leikskólabarna og akstur heim úr sérdeild á Selfossi á föstudögum. Aðalsteinn og Ólafur óku á Flúðir, en Valdimar ók framhaldsskólanemendum á Sandlækjarholtið. Í upphafi var reynt að láta skólaakstur vera sameiginlegan tvisvar í viku, þannig að nemendur af Flúðum dreifðust í bíla á Sandlækjarholtinu. Það gekk ekki á miðvikudögum þar sem biðtíminn var of langur eftir bílum úr Árnesi og því varð úr að heimakstur var eingöngu sameiginlegur á föstudögum.

Krafa skólanefndar um að allir bílar hefðu þriggja punkta belti fyrir alla nemendur gekk ekki eftir. Vegna fjölgunar á Laxárdalslínu varð að skipta um bíl eftir að skólalald hófst og vegna ófærðar á útlínu var nýttur drifbíl sem hentaði betur en sem var án þriggja punkta belta. Skólanefnd gerði undanþágu á kröfu sinni þetta skólaár vegna aðstæðna.

Bílstjórar voru:

Bjarna Ófeigur Valdimarsson, Gestur Þórðarson og Aðalsteinn Guðmundsson á Skeiðum. Ólafur Jóhannsson, Valdimar Jóhannsson og Jón Valdimarsson í Gnúpverjahluta.

Samstarf við stofnanir/félög

Skólahjúkrunarfræðingur kom frá Laugarási tvisvar í mánuði að jafnaði. Það var Sigrún Hermannsdóttir sem kom 1. og 3. fimmtudag í mánuði og var þá í skólanum ca. 9-12. Hún framkvæmdi hæðar- og þyngdarmælingu nemenda í 1., 4. og 7. bekk ásamt því að taka viðtöl við nemendur og fræða um hollar lífsvenjur. Bólusetning var í 1. og 7. bekk ef við átti og svo var almenn fræðsla í öðrum bekkjum. Skólahjúkrunarfræðingur sinnti einnig ráðgjöf varðandi einstaka nemendur að beiðni umsjónarkennara.

Skólamötuneyti var í Árnesi hjá Bergleif. Á haustönn voru 56 nemendur af 58 í mat í mötuneytinu en eftir áramót voru allir nemendur í hádegismat. Gerð var könnun meðal nemenda og starfsmanna á nýtingu mötuneytis skólans og viðhorfi til þess, bæði varðandi morgunmat og hádegismat. Almenn ánægja var með morgunmat meðal allra en þó komu tillögur um aukinn fjölbreytileika í ávöxtum sem orðið var við. Viðhorf nemenda til mötuneytis í Árnesi var ekki nógu gott og fundu nemendur að því hvernig maturinn var eldaður og framreiddur. Starfsmenn voru jákvæðari en höfðu ákveðnar athugasemdir. Niðurstöður má sjá í sjálfsmatsskýrslu skólann. Í kjölfarið var óskað eftir áliti matvælafræðings á matseðli hádegismatar ásamt tillögum um úrbætur. Það var síðan kynnt matráðum og farið yfir áherslur til bóta.

Samstarf við leikskólann Leikholt gekk mjög vel og tókust heimsóknir milli skóla eins og til var ætlast. Leikskólanemendur komu 8 sinnum í skólann fyrir áramót og annað eins eftir áramót. Nemendur í 1. bekk fóru í stutta heimsókn fyrir áramót í leikskólann. Við mat á þeirri heimsókn var ákveðið að gefa þeim einn morgun til heimsóknar í leikskólann eftir áramót ásamt annarri stuttri heimsókn eins og áætlað hafði verið. Þetta reyndist vel því nemendur höfðu þá betri tíma til að leika sér og fara um allan leikskólann. Matthildur var með málörvun fyrir nemendur leikskóla og 1. bekk í heimsóknum í skólann en það breyttist með áherslu á þemavinnu og var unnið með álfa og tröll eftir áramót. Stöðumat í vor gerir áfram ráð fyrir 16 heimsóknum leikskólabarna í grunnskólann þar sem þau verða í skólanum í u.þ.b. 4 klst og taka þátt í deginum með öðrum nemendum. Nemendur 1. bekkjar heimsækja leikskólann tvisvar. Leikskólanemendur komu einn heilan dag í skólann í lok maí og komu þá í skólabíl og án leikskólakennara.

Samstarf leik- og grunnskóla er komið til að vera og verður haldið áfram að þróa það og endurbæta eins og annað skólastarf. Tilgangur þess er að skapa auðvelt og jákvætt flæði milli skólastiga sem virðist hafa tekist vel með þessu fyrirkomulagi.

Samstarf við Flúðaskóla hefði mátt vera meira. Samstarfið gekk aðallega út á félagslíf 7. bekkjar. Nemendum 7. bekkjar stóð til boða að sækja þær skemmtanir sem voru opnar 7. bekk á Flúðum. Bekkirir sóttu hvorn annan heim á vordögum og kennarar samræmdu yfirferð námsefnis. Forvarnarefni var sameiginlegt á vegum MARITA – fræðslunnar. Engin sameiginleg námskeið voru haldin á vegum skólanna og faglegir samsráðsfundir voru ekki.

Tónlistarskóli Árnesinga kenndi í Þjórsárskóla á mánudögum og miðvikudögum. Nemendur voru teknir út úr tíma til einkakennslu og nemendur í 2. bekk fengu forskólakennslu hjá Hirti. Kennarar skólans voru Hjörtur og Pavel. Einnig voru nokkrir nemendur sem sóttu tíma á Selfoss hjá öðrum kennurum.

Þorbjörg organisti aðstoðaði við undirleik við nokkur tækifæri eins og helgileik og heimsókn á Blesastaði til eldri borgara.

Samstarf var við sóknarprestinn Axel um heimsóknir í kirkjur sveitarfélagsins ásamt aðkomu að adventukvöldi með helgileik allra nemenda. Tókst adventukvöldið vel og fóru nemendur vel með hlutverk sín. Yngri deild skólans heimsótti Ólafsvallakirkju og eldri deild heimsótti kirkjuna á Stóra-Núpi. Í báðum tilvikum tók sr. Axel á mót nemendum.

Katrín Sigurðardóttir sá um undirleik á árhátíð skólans þegar sett var upp leikritið Skilaboðaskjóðan. Tókst árhátíðin frábærlega og bar þess merki hversu megnugt skólasamfélagið er þegar allir leggjast á eitt.

Sérfræðiþjónusta skólans var í höndum Skólaskrifstofu og var tengiliður skólans Elínborg sérkennsluráðgjafi. Til hennar var vísað xx nemendum og tókst að gera mat á stöðu þriggja. Eftir stendur að ljúka öðrum við upphaf næsta skólaárs. Skólasálfræðingur fékk tvær tilvísanir og skilaði þeim af sér fyrir skólalok. Tvær tilvísanir nemenda voru afturkallaðar að beiðni foreldra þar sem árangur þótti viðunandi með úrræðum skólans.

Fyrir liggur að gera mat á nokkrum nemendum sem virðast vera í þörf fyrir sérkennslu og því nauðsynlegt að hafa sem gleggstar upplýsingar um stöðu þeirra.

Samstarf hefur verið við nokkur íþróttafélög um miðlun upplýsinga um viðburði og æfingar.

Samstarf var við Landvernd og Skógrækt ríkisins um haustferð í skóginn í Þjórsárdal. Tókst hann mjög vel þó þurft hafi að hætta við hann nokkrum sinnum vegna veðurs.

Skólinn fékk Grænfánann í þriðja sinn þann 15. maí. Unnið var ötullega í umhverfisstefnu skólans.

Sama dag var KSÍ völluminn vígður og hafður opinn dagur í skólanum.

Tónlist fyrir alla kom tvisvar í skólann, í lok september og um miðjan apríl, og héldu tónleika fyrir nemendur.

Foeldrafélag skólans var virkt og stóð fyrir flóamarkaði að hausti, söfnuðu gjöfum til að senda til Úkraníu í verkefninu „jól í skókassa“, sá um veitingar á öskudaginn, á árshátíðinni og við skólaslit, buðu nemendum í leikhús, styrktu safnaferð, vorferðir og skólabúðir. Foreldrafélagið sinnti vel skyldu sinni að styðja við fjölbreytni í félagslífi nemenda og við skólastarfið í heild. Skipt var um fulltrúa í stjórn á vordögum. Stjórnina skipuðu Bára Kílhrauni, formaður, Helga á Sandlæk gjaldkeri, Hulda á Brjánsstöðum ritari og Einar Bjarnason Ánesi. Helga fór út og í hennar stað kom Þóra á Sléttabóli.

Foreldraráð var einnig virkt í sínu lögbundna hlutverki. Það gaf umsagnir, kom með fyrirspurnir og vangaveltur og sat fundi skólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Foreldraráð skipuðu Guðni á Brúnum, Lára á Blesastöðum og Helga á Sandlæk. Þetta er síðasta starfsár foreldraráðs skv. nýjum lögum um grunnskóla.

Almenn kennsla

Almenn kennsla var með nokkuð hefðbundnu sniði. Kennt var í samkennsluhópum sem voru allt frá 9 nemendum og upp í 23. Töluvert vantaði upp á að ná viðmiðum í kennslu í heimilisfræðum þar sem ekki var gert ráð fyrir því í töflu nema tveggja árganga. Öðru var komið fyrir í áætlun ársins. Almenn var það mat kennara að skólaárið hefði þotið hjá og mikið var um endurmat á kennsluáætlunum þegar allt riðlaðist vegna einhverra atburða. Í heildina gekk skólaárið vel fyrir sig.

Sérkennsla

Umsjónarkennari í 1.-2. bekk sinnti málörvun og þjálfun í hljóðkerfisvitund inni í kennslustundum. Stuðningur var veittur inn í bekkinn til lestrarþjálfunar.

Umsjónarkennari í 3.-4. bekk þjálfaði einnig sína nemendur í hljóðkerfisvitund eftir aðstæðum. Stuðningur var við nemendur með hegðunarerfiðleika í bekknum.

Einn nemandi fékk einstaklingsbundna sérkennslu í samræmi við einstaklingsnámskrá.

5 nemendur fengu lotubundna þjálfun hjá skólustjóra í ákveðnum atriðum eftir aðstæðum.

Sérkennslutímar íþróttakennara voru nýttir í hreyfiþroskapróf á nemendum 1. bekkjar og til þjálfunar á 4 nemendum í sundi. Góður árangur náðist af þessu fyrirkomulagi þó margar kennslustundir féllu niður af ýmsum ástæðum.

Nýbreytni

ART þjálfun hófst eftir áramót og fengu 6 drengir í 6.-7. bekk þá þjálfun þetta skólaár. Þjálfunin skiptist í þrjá þætti: félagsfærni, sjálfsstjórnun og klípusögur. Við þjálfunina er mikil nánd og nemendum gefst kostur á að ræða vandamál sín og leiðir að góðum lausnum. Þjálfarar voru Bolette og Hafdís.

Sótt var um þróunarstyrk til að þróa betur útikennslu á svæðinu og fengust 500.000 kr. af þeim 1,7 mkr. sem sótt var um.

GETA- til aðgerða – menntun til sjálfbærrar þróunar er þróunarverkefni sem skólanum bauðst að taka þátt í og var það samþykkt. Verður sú vinna mótuð n.k. skólaár og unnið í samræmi við eldri áherslur um Grænfánann, umhverfismennt og virðingu fyrir öllu í kringum okkur.

Ákveðið var að hefja samstarf við Skógrækt ríkisins um skólastarf í þjóðskóginum í Þjórsárdal. Hefst það samstarf næsta skólaár.

Mentor hefur tekið við af Kompunni sem samskiptamiðill milli heimilis og skóla og verður vægi Mentors enn aukið n.k. skólaár.

Aðbúnaður

Tvær kennslustofur voru endurnýjaðar fyrir skólaárið, þ.e. Móaland og Draumaland. Anddyrið var tekið í gegn og snagar endurnýjaðir og hillum breytt. Lagðar voru nýjar flísar á gólfíð í anddyrinu. Eldvarnarhurð var sett niður í kjallara. Seldir voru nokkrir hlutir úr smíðastofu sem ekki nýttist lengur og þá um leið rýmkaðist um kennsluádstöðu þar. Gólfíð í salnum var þússað og lakkað. Skipt var um gólfefni á ljósritunarherbergi, kennarastofu og skrifstofu skólustjóra. Sett var grind við glugga fyrir ofan alrými nemenda svo nemendur geti frekar nýtt svæðið.

Sett var handriði á svalir og brunatröppur niður úr salnum. Einnig voru settir neyðarútgangar í Hamraland, Kátaland, kennarastofu og vinnuherbergi kennara. Á leiksvæðið voru sett tvönn rólusett og lítil klifurgrind. Einnig var sparkvöllur KSÍ vígður undir lok skólaársins þó nemendur hafi nýtt hann nánast allt skólaárið. Gengið var frá í kringum völlum um sumarið. Þá var einnig tekinn hóll við norðvesturhorn skólans sem annars var drullusvað. Gert var við steypuskemmdir utanhúss og veggir og tréverk málað. Lögð var ný hitalögn í tröppur við aðalinngang og þær múraðar og þússaðar upp á nýtt.

Leigusamningur var gerður um 15 fartölvur og hleðsluskáp. Þessi tækjakostur er bæði til kennslu og fyrir kennara til afnota. Keypt voru landakort og kortabrautir í allar umsjónarstofur. Keypt var digital ljósmyndavél. Mötuneytisborð voru pöntuð og komu

við skólalok svo ekki tókst að taka þau í notkun þetta skólaár. Keyptar voru þrjár saumavélar. Kvenfélag Gnúpverja gaf tvær myndavélasnjár til minningar um Margréti Sveinbjörnsdóttur fyrrum starfsmann skólans sem lést á skólaárinu. Landsvirkjun gaf sófa og sófaborð í alrými til notkunar fyrir nemendur.

Árnesi, 1. ágúst 2008.

Ingibjörg María Guðmundsdóttir
skólastjóri Þjórsárskóla.